

Kennsluáætlun skólaárið 2019/2020

Samfélagsfræði í 4. bekk

Í samfélagsfræði eru þrjár kennslustundir á viku í 4. bekk. Kennarar eru Ásta Kr. Guðmundsd. Michelsen og Sigurveig Sædís Jóhannesdóttir.

Vinnulag

Í vetur ætlum við að fjalla um og læra um landið okkar Ísland. Þar er fjallað að mestu leiti um landafræði, en landafræði fjallar bæði um náttúru og samfélag en þó mest um sambúð fólks og náttúru.

Kynnum okkur hvernig og afhverju landið okkar lítur út eins og það gerir, hvernig það breytist og hvað það er sem breytir því

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: Ísland, kort og kortalestur, við búum á Íslandi, náttúra Íslands, myndun og mótun Íslands, hafið umhverfis landið, náttúruauðlindir, atvinnulíf, umhverfið okkar og landshlutar.

Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: Vesturland, vestfirðir, norðurland vestra, norðurland eystra, austurland, suðurland, suðurnes, Reykjavík og nágrenni, hálendið og heimabyggðin.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Ísland Kort og kortalestur Við búum á Íslandi Náttúra Íslands Myndun og mótun Íslands Hafið umhverfis landið Náttúruauðlindir	Ísland hér búum við Kort Kortabækur Útikennsla Vettvangsferðir Þjóðsögur Ljósmyndir	Nemandi getur - gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins. - notað kort og gröf og gert grein fyrir mismunandi kortum	Verkefni sem horft er á við námsmat eru eftirfarandi: - Verkefnamappa nemenda - Þemaverkefni (4. og 5. bekkur vinna að saman) - Þátttaka í kennslu

Atvinnulíf Umhverfið okkar Landshlutar Vesturland Vestfirðir Norðurland vestra Norðurland eystra Austurland Suðurland Reykjavík og nágrenni Hálendið Heimabyggðin	Nýting miðla og upplýsinga	• lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður. • útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist. • gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum þeirra til verndar. • lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi • gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar, rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra. • fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta. • Jörðin, heimabyggðin og staða Íslands og saga. • Náttúruskilyrði, náttúruferlar og auðlindir. • Kortalæsi, sögulæsi. • greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf.	• Virkni nemanda
--	---------------------------------------	--	--

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Ásta Kr. Guðmundsd. Michelsen

Sigurveig Sædís Jóhannesdóttir